

Alþingi 17.11.2017

Málsnr.: 1603169
Málalykill: 0.34.5



Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík 16. nóvember 2016

1605002HA GG/vrh
Málalykill: 30.03

Efni: Ályktun 40. hafnasambandsþings um samgönguáætlun

638. mat

Hafnasamband Íslands hélt sitt 40. hafnasambandsþing dagana 13.-14. október sl. á Ísafirði. Þar var samþykkt einróma eftirfarandi ályktun um samgönguáætlun:

„Hafnasambandsþing haldið á Ísafirði dagana 13. og 14. október 2016 fagnar því að Alþingi hafi á lokaspretti þinghaldsins samþykkt samgönguáætlun fyrir árin 2015-2018 um leið og bent er á mikilvægi þess að ávallt sé til staðar samgönguáætlun til skemmri og lengri tíma. Á síðustu árum hefur hlutur hafna í umfjöllun og fjárveitingum verið mjög rýr og í raun langt undir því sem eðlilegt getur talist miðað við að hafnir séu ein af grunnstoðum samgöngukerfisins.

Það er því fagnaðarefni að í nýsamþykktri 4ra ára samgönguályktun er hlutur hafna aukinn nokkuð. Þá minnir Hafnarsambandsþing á mikilvægi þess að ríkið hafi skýra stefnu í hafnarmálum, viðhaldi og uppbyggingu hafnarmannvirkja og fylgi þeirri áætlun eftir með fjárframlögum.“

Þessari ályktun er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst
HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Gísli Gíslason

formaður stjórnar Hafnasambands Íslands

Samrit: Innanríkisráðuneytið og Vegagerðin